



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Sjálfsmats- skýrsla

Leifur Ingi Vilmundarson
konrektor

msund@msund.is
www.msund.is

2024-2025





Efnisyfirlit

Inngangur	Bls. 2
Mat og eftirlit með gæðum	Bls. 3
Almenn staða úttekta, niðurstöður og eftirfylgni	Bls. 5
Endurgjöf frá nemendum og starfsfólki	Bls. 7
Árangur nemenda og kennslufræðileg áhersla, markmið og mælikvarðar	Bls. 14
Jafnlaunakerfi; markmið og mælikvarðar	Bls. 17
Rekstur, húsnæði og skipulag; markmið og mælikvarðar	Bls. 19
Rýni stjórnenda og aðgerðir	Bls. 21
Niðurlag	Bls. 24

Inngangur

Menntaskólinn við Sund var stofnsettur árið 1969, þá sem Menntaskólinn við Tjörnina. Á árunum 1974 - 1976 fluttist skólinn í núverandi húsnæði sitt við Gnoðarvog. Hann var þó kenndur við Tjörnina allt til ársins 1977 en þá gaf Vilhjálmur Hjálmarsson, þáverandi menntamálaráðherra, honum heitið Menntaskólinn við Sund.



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND



Menntaskólinn við Sund er bóknámsskóli og býður upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs og á starfsbraut þar sem skólaárinu er skipt upp í þrjár jafnlangar annir.

Nemendur skólans eru um 690 talsins og heildarfjöldi starfsmanna tæplega 70.

Boðið er upp á nám á tveimur stúdentsbrautum, náttúrufræðibraut og félagsfræðabraut og skiptast brautirnar í tvær línur. Náttúrufræðibraut skiptist í líffræði- og efnafræðilínu og eðlisfræði- og stærðfræðilínu. Félagsfræðabraut skiptist í hagfræði- og stærðfræðilínu og félagsfræði- og sögulínu.

Starfsbraut var stofnuð við skólann haustið 2022.

VIRÐING - JAFNRÉTTI - ÁBYRGÐ - HEIÐARLEIKI

Mat og eftirlit með gæðum

Sjálfsmatsskýrsla 2024-2025

Menntaskólinn við Sund starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og er þar kveðið á um hvernig mati og eftirliti með gæðum skuli háttað í framhaldsskólum á Íslandi.

Skal hver framhaldsskóli meta árangur og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti í samræmi við markmiðin sem birtast hér fyrir neðan og skal það gert með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Upplýsingar um mat á árangri og gæðum skal framhaldsskóli birta opinberlega sem og tengsl þeirra við skólanámskrá og áætlanir um úrbætur.

Markmið

1

Að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda.

2

Að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla.

3

Að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.

4

Að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat í MS

Skólinn hefur síðustu ár unnið markvisst að því að efla gæðamat innan stofnunarinnar. Gæðaráð er starfandi í skólanum og hefur kapp verið lagt á að skrásetningu verkferla og innleiða gæðakerfi. Gæðaráð vinnur undir stjórn gæðastjóra og fundar vikulega á starfstíma skólans.

Gæðaráð vinnur m.a. í samræmi við matsáætlanir sem lagðar eru fram fyrir hvert skólaár:

- GÁT-017 Áætlun um innra mat (sjálfsmat) og innri og ytri úttektir
- GÁT-018 Áætlun um innri úttektir

Innri úttektir eru komnar í fastar skorður.

Á skólaárinu 2024 - 2025 sinntu eftirfarandi starfsmenn innri úttektum:

- Hjördís Alda Hreiðarsdóttir
- Hildur Halla Gylfadóttir
- Vignir Andri Guðmundsson

Skýrsla þessi fjallar um mat á starfsemi MS á skólaárinu og er byggt að mestu á rýni stjórnenda frá því í júní 2025.

GÆÐARÁÐ MS 2024-2025

- Helga Sigríður Þórsdóttir, rektor
- Leifur Ingi Vilmundarson, konrektor
 - *Gegnir starfi gæðastjóra*
- Ágúst Ásgeirsson, námsbrauta- og námskrárstjóri
- Hjördís Alda Hreiðarsdóttir, kennslustjóri
- Dögg Árnadóttir, skrifstofu- og skjalastjóri
- Vignir Andri Guðmundsson, kennari



Almenn staða úttekta, niðurstöður og eftirfylgni

Jafnlaunakerfi skólans er tekið út í innri úttektum auk hlíttni við aðrar ytri kröfur. Rekstrarhandbók skólans er langt komin og stefnt að opinberri birtingu á yfirstandandi skólaári.

Innri úttektir

Ferlið við innri úttektir er unnið eftir sérstakri úttektaáætlun sem er gerð fyrir hvert skólaár. Í grunninn byggir áætlunin á „Áætlun um innra mat“ (sjálfsmat) og innri og ytri úttektir sem svo er útfært nánar í „Áætlun um innri úttektir“. Á skólaárinu 2024 – 2025 fór fram innri úttekt á öllum kröfum jafnlaunastaðals sem útfærðar eru í jafnlaunakerfi skólans. Haustið 2025 fór fram endurúttekt á jafnlaunakerfi skólans á vegum ytri vottunaraðila og er gert ráð fyrir því að jafnlaunavottun verði endurnýjuð á haustmánuðum 2025.

Umbætur sem innri úttektir kölluðu á:

- Gæðakerfi skólans er orðið heildstætt og því fyrst og fremst um uppfærslur og fínþússningar að ræða.
- Leitast var við að finna tækifæri til að straumlínulaga gæðastýringu og gera vinnulag eins skilvirkt og einfalt eins og kostur er.
- Áfram er unnið að því að skrá og bregðast við frábrigðum, ábendingum og kvörtunum og gera umbætur eftir þörfum.

Eftirfylgni varðandi innri úttektir er á ábyrgð gæðastjóra og er framkvæmd í samræmi við skjöl rekstrarhandbókar. Úrvinnsla athugasemda sem fram komu í innri úttektum hafa fengið umfjöllun í gæðaráði og er ýmist búið að ljúka þeim eða setja í ferli. Athugasemdir úr innri úttektum vorannar 2025 eru komnar á dagskrá í Planner og búið að tilnefna tímamörk og ábyrgðaraðila.

Mat á hlítingu við lagalegar kröfur

Mat á hlítingu við lagalegar kröfur, reglur og samninga sem tengjast jafnlaunakerfi Menntaskólans við Sund fór fram í júní 2025. Ekki komu fram frávik við matið við útfyllingu gátlista.

Aðrar ábendingar, kvartanir og frábrigði

Ábendingar og umbótatækifæri hafa borist eftir ýmsum leiðum s.s. í samtölum stjórnenda og / eða samtölum stjórnenda við starfsfólk en einnig í gegnum ábendingarhapp á heimasíðu. Frábrigði sem og ábendingar og kvartanir sem borist hafa frá starfsfólki varðandi launatengd málefni eru skráð í Planner undir „Launatengdar athugasemdir, kvartanir og ábendingar“ og hafa allar slíkar ábendingar hlotið úrvinnslu.



Endurgjöf frá nemendum og starfsfólki

Í MS er unnið markvisst að því að bæta gæði skólastarfsins og er starfið metið með hliðsjón af gæðamarkmiðum og mælikvörðum Rekstrarhandókar skólans sem heldur utan um gæða- og jafnlaunakerfi hans. Til að meta árangur er m.a. rýnt í niðurstöður úr kennslumati, starfsmannasamtölum og ytri mælingum eins og „Skólapúlsinum“ og „Stofnun ársins“. Hér verða teknar saman helstu niðurstöður úr endurgjöf frá nemendum og starfsfólki fyrir skólaárið 2024-2025.

Ánægja nemenda með kennslu og aðra þjónustu

Kennslumat

Á hverri önn er framkvæmt kennslumat í samræmi við verklagsreglur og áætlun um innra mat skólans. Kennslumatið veitir kennurum endurgjöf á störf sín og gefur nemendum tækifæri til að láta í ljós afstöðu sína til kennslu í einstaka áföngum.

Tilgangur matsins er að kanna hvernig til hafi tekist með kennslu með það að markmiði að finna tækifæri til úrbóta. Kennslumatið er framkvæmt í gegnum kannanakerfi INNU.

Niðurstöður kennslumats eru kynntar kennurum og rektor að kennslumati loknu og eftir því sem við á ræddar í starfsmannasamtölum sem fara fram samhliða. Einnig eru niðurstöður skólans í heild kynntar fyrir gæðaráði, fagstjórum og starfsfólki.

Miðað er við að ná a.m.k. 60% svarhlutfalli nemenda í hverjum námshópi til að niðurstöður teljist marktækar en stefnan er sú að ná 80% svarhlutfalli. Því er fyrirkomulagið þannig að um þriðjungur kenndra áfanga er til mats hverju sinni og ganga meðlimir gæðaráðs í stofur og hvetja nemendur til þátttöku, með þeim hætti hefur tekist að auka svarhlutfall umtalsvert en á skólaárinu 2024-2025 var meðalsvarhlutfall um 77%.


Eitt þeirra gæðamarkmiða sem mælt er í kennslumatinu lýtur að ánægju nemenda með kennslu og aðstöðu til náms í skólanum. Mælikvarðarnir eru tveir:

- Að a.m.k. 80% nemenda séu mjög sammála eða sammála fullyrðingunni „Á heildina litið er ég ánægð/t/ur með kennsluna í áfanganum“ sem fram kemur í kennslumati sem lagt er fyrir á hverri önn.
- Að a.m.k. 80% nemenda séu mjög sammála eða sammála fullyrðingunni „Aðstaða til náms og kennslubúnaðar (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum er fullnægjandi“ sem fram kemur í kennslumati sem lagt er fyrir á hverri önn.

Í *Töflu 1* má sjá svarhlutfall í kennslumati á öllum önnum skólaársins 2024 - 2025. Á Mynd 1 má sjá niðurstöður í heildina varðandi upplifun nemenda á gæðum kennslunnar.


Haustönn 2024	Vetrarönn 2024 - 2025	Vorönn 2025
Svarhlutfall – meðaltal skólans 83%	Svarhlutfall – meðaltal skólans 83%	Svarhlutfall – meðaltal skólans 65%
Tímabil fyriragnar 21.10.24 – 01.11.24	Tímabil fyriragnar 03.02.25 – 11.02.25	Tímabil fyriragnar 05.04.25 – 13.05.25

Tafla 1: Svarhlutfall í kennslukönnunum og tímabil fyriragnar



Mynd 1: Niðurstöður kennslukannana 2024 - 2025 - Ánægja með kennslu: 75%

Mynd 2 sýnir ánægju nemenda með aðstöðu til náms og kennslubúnað og þar náði skólinn ekki markmiði sínu en stefnt er á að a.m.k. 80% nemenda séu ánægðir með aðstöðuna.



Mynd 2: Niðurstöður kennslukannana 2024 - 2025 - Ánægja með aðbúnað: 80%

Skólinn hefur tekist á við miklar áskoranir hvað húsnæðismál varðar síðustu ár og hefur gengið illa á fá fram svör við því með hvaða hætti úrbætur eigi að fara fram og á hvaða tímaramma. Viðbúið að þessi staða hafi áhrif á afstöðu nemenda til þess hvort aðstaða sé fullnægjandi en engu síður reyndust nemendur nokkuð jákvæðir og mældist ánægja þeirra í samræmi við viðmið skólans en dalar þó milli ára.

Rýnihópar nemenda

Rýnihópasamtal með nemendum fór fram 16. maí 2025 og var stýrt af fulltrúum úr gæðaráði. Var sjónum sérstaklega beint að nýjungum í skólastarfinu eins og lykilmatsþætti, símaátaki, notkun gervigreindar og kennslu áfanga um gervigreind. Einnig var horft til þátta sem vísbendingar voru um að mætti bæta skv. niðurstöðum úr Framhaldsskólaláttunum á skólaárinu og fyrirhugaðra áherslubreytinga í íþróttakennslu. Að þessu sinni samanstóð rýnihópurinn aðeins af nemendum á 1. námsári.

Helstu niðurstöður úr rýnihópaviðtali voru eftirfarandi:

- **Nemendur almennt ánægð í skólanum**
- **Félagslífið gott - þó leiðinlegt að nýnemar verði að blása á böllum**
- **Íþróttaiðkun á skólatíma talin gott uppbrot á deginum**
- **Gott að læra um gervigreind, nýttist í náminu almennt**
- **Lykilmatsþátturinn er umdeildur - dulbúin lokapróf?**
- **Vilja frekar einkunnir en umsagnir - finnst einkunnir segja meira um stöðuna**
- **Símamálin eru áskorun - símaboxin umdeild leið**



Framhaldsskólupúlsinn

Framhaldsskólupúlsinn er könnun fyrir framhaldsskóla þar sem sjónum er beint að námsumhverfi, virkni í námi og líðan nemenda. Könnunin er lögð árlega fyrir úrtak nemenda og hefur m.a. þann kost að gefa niðurstöður í samanburði við aðra framhaldsskóla. Árangur gagnvart einu gæðamarkmiði skólans er metinn í gegnum Framhaldsskólupúlsinn og snýr það að líðan nemenda og námsáhuga. Í ár var könnunin lögð fyrir í október og var svarhlutfall nemenda 91%.

Líðan og námsáhugi nemenda – árangur m.v. mælikvarða

Í *Töflu 2* má sjá niðurstöður úr Framhaldsskólupúlsinum og hver árangur skólans er miðað við mælikvarða.

Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Staða	Staða tekin
Að nemendum líði vel og hafi áhuga á náminu	Áhersla lögð á - eflingu námskrafts og leiðsagnarnáms - öfluga nemendapjónustu auk hvatningar og eftirfylgni með mætingu • góða aðstöðu í kennslustofum • góða þjónustu við nemendur, s.s. bókasafn og skrifstofu • öflugan stuðning við félagslíf nemenda • gott samstarf skólans við foreldraráð	Að námsáhugi nemenda MS mælist jafn mikill eða meiri en meðaltal annarra framhaldsskóla samkvæmt niðurstöðum skólans úr könnuninni Framhaldsskóla-púlsinn ¹ .	MS: 5,3 Viðmið: 5,8 Mismunur: -0,5	jan. 2025
		Að vellíðan nemenda MS mælist jafn mikill eða meiri en meðaltal annarra framhaldsskóla samkvæmt niðurstöðum skólans úr könnuninni Framhaldsskólupúlsinn.	MS: 4,9 Viðmið: 4,5 Mismunur: +0,8	jan. 2025

Tafla 2: Niðurstöður úr Framhaldsskólupúlsinum – staða gagnvart mælikvörðum

Starfsfólkssamtöl

Starfsfólkssamtöl hafa komist í nokkuð góðan farveg á síðustu árum og tókst að bjóða öllu starfsfólki samtal á skólaárinu. Starfsfólk er jákvætt gagnvart skipulagningu samtalanna og einnig hefur breytingin á kennslumati gefist vel en þessir tveir þættir haldast í hendur. Markmið með fyrirkomulaginu er að:

- Ná góðu svarhlutfalli í kennslumati
- Bjóða starfsfólki reglulega og markvissa endurgjöf með starfsmannasamtölum


Starfsmannakönnun

Í sjálfsmatsnefnd skólans hefur sá háttur verið hafður á undanfarin ár að líta til þeirra gagna sem skólinn fær í gegnum könnunina „Stofnun ársins“ sem lögð er fyrir starfsfólk skólans af Gallup hvert ár. Gæðaráð leggur mat á það hvert ár hvort ástæða sé til að leggja fyrir sérstaka könnun innanhúss t.d. ef meta þyrfti breytingar, aðstæður eða þróun sem eingöngu tengjast MS. Ekki var framkvæmd slík könnun á skólaárinu 2024-2025.


Markmiðið er að MS mælist jafnt eða hærra öðrum framhalds- og háskólum þegar litið er til tveggja þátta:

- **Ánægju í starfi**
- **Ánægju með vinnuskilyrði**

Eins og sjá má á myndum 3-5 náðust markmið fyrir fyrri þáttinn en ekki hvað varðar vinnuskilyrðin en hvað þann þátt varðar hefur MS alltaf verið undir viðmiðinu frá 2017.



Mynd 3: Niðurstöður úr Stofnun ársins



Mynd 4: Ánægja með vinnuskilyrði í MS



Mynd 5: Þróun ánægju með vinnuskilyrði frá 2017 (samantekt nokkurra spurninga)



Árangur nemenda og kennslufræðileg áhersla; markmið og mælikvarðar

Á skólaárinu voru skilgreind markmið og mælikvarðar sem snúa að árangri nemenda og kennslufræðilegri áherslu skólans.

Árangur nemenda

Árangur nemenda er skoðaður út frá ýmsum þáttum. Einkum er litið til námsárangurs, skólasóknar, námstíma og brottfalls.

Meðaleinkunn

Menntaskólinn við Sund hefur sett sér það markmið að meðaleinkunn nemenda á hverri námsönn sé 6,5 eða hærri. Þegar árangur nemenda á skólaárinu 2024 – 2025 er skoðaður má sjá að það markmið náðist á öllum önnum. Meðaleinkunn á haustönn 2024 var 7,0. Á vetrarönn 2024 - 2025 var meðaleinkunnin 6,9 og á vorönn 2025 mældist hún 7,0.

Brotthvarf

Samkvæmt brottfallsskýrslu sem unnin er í október ár hvert út frá gögnum frá 1. október árið á undan til 1. október yfirstandandi árs, mældist brotthvarf úr MS 1,2% í október 2024.

Á tímabilinu voru 65 nemendur á stúdentsbrautum sem ýmist hættu námi eða fóru í langtímaleyfi frá skólanum. Af þessum 65 nemendum reyndust aðeins 8 vera raunverulegt brotthvarf úr námi og reiknast því brotthvarf á tímabilinu 1,2% ef miðað er við fjölda nemenda á stúdentsbrautum við upphaf haustannar 2023 (659).

Næst verður brottfallsskýrsla unnin í október 2025 og verður þá haft samband við þá nemendur sem hafa hætt námi síðan 1. október 2024.

Námsárangur

Hvað námsárangur varðar hefur Menntaskólinn við Sund skilgreint tvo mælikvarða:

- Meðeinkunn sé að lágmarki 6,5
- Hlutfall einkunna undir 5,0 að hámarki 10%

Eins og áður hefur komið fram mældist meðaleinkunn vel yfir viðmiðinu á skólaárinu og á það sama við þegar litið er hlutfalls einkunna undir 5,0. Á haustönn 2024 mældist það hlutfall 4,9% og hækkaði það upp í 5,1% á vetrarönn en lækkaði svo aftur á vorönn niður í 4,9%. Heilt yfir mældist hlutfallið því 5,0% sem telst vel viðunandi árangur.

Raunmæting

Á skólaárinu 2024 – 2025 var raunmæting nokkuð jöfn á milli anna en tilhneigingin var áfram sú að raunmæting er hæst á haustönn og lækkar svo eftir því sem líður á skólaárið. Raunmæting á haustönn var 86,4%, vetrarönn 83,2% og vorönn 80,1%. Í heildina var meðalraunmæting skólaársins 83,2% og náði skólinn því markmiðum um 80% raunmætingarhlutfall.

Námstími

Skólinn hefur sett markmið um að nemendur nái sem bestum árangri í námi sínu og efla námskraft sinn. Einn mælikvarði á þau markmið er námstími nemenda:

- Að 75% nemenda sem hefja nám í MS strax að loknum grunnskóla brautskráist innan þriggja ára.
- Að 90% nemenda sem hefja nám í MS strax að loknum grunnskóla brautskráist innan fjögurra ára.

Af þeim 234 nýnemum sem hófu nám haustið 2022 (árg. 2006) hafa 166 verið brautskráðir innan þriggja ára frá MS, eða 71%. Gögn úr Innu sýna að 17 til viðbótar hafa útskrifast frá öðrum skólum innan þriggja ára og hafa því alls 78% nýnema sem hófu nám við MS haustið 2022 útskrifast innan þriggja ára og nær skólinn því markmiðum sínum þar.

89% þeirra 230 nýnema sem hófu nám haustið 2021 (árg. 2005) eru brautskráðir frá MS innan fjögurra ára sem er nálægt markmiðum. Margir hafa farið í annað nám skv. skýrslum um brottfall sem gerðar eru á hverju haust (tilfærsla) og nokkrir eru enn við nám í MS.

Skólinn heldur góðu sambandi við nema á fjórða og fimmta ári og stefnir að því að fylgja þeim alla leið og draga úr brotthvarfi. Í ljósi þess er eðlilegt að horfa einnig til útskriftarhlutfalls innan fimm ára. Í sjálfsmatsskýrslu 2023-2024 kom fram að 85% hópsins sem hóf nám haustið 2020 (árg. 2004) hefði útskrifast innan fjögurra ára frá MS eða öðrum skóla. Samkvæmt gögnum í Innu má sjá að 88% (210) af þessum hóp hafa nú útskrifast innan fimm ára. Þessir árgangar nemenda á fjórða og fimmta ári eiga það sameiginlegt að hafa allir stundað nám við skólann á tímum heimsfaraldurs við erfiðar aðstæður og ljóst að við erum enn að glíma við eftirköst þess og áhrif á nám og námsframvindu.

Starfspróun

Menntaskólinn við Sund hefur sett sér markmið um að kennarar tileinki sér fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir og að starfsfólk skólans leiti sífellt nýrra leiða til að þróa starf sitt. Til að ná þessum markmiðum er áhersla lögð á gott framboð endurmenntunar og fjölbreytt starfsþróunartækifæri fyrir starfsmenn skólans.


Á skólaárinu 2024 – 2025 sóttu 16 starfsmenn námsferðir erlendis auk þess sem skólinn sendi 13 nemendur í námsferðir erlendis.

Eitt af flaggskipum Menntaskólans við Sund hefur til fjölda ára verið virkni kennara í **starfendarannsókn**. Á hverju ári er virkur hópur kennara og stjórnenda sem tekur þátt í starfi starfendarannsóknahópsins og á skólaárinu voru virkir þátttakendur að jafnaði 12–20 talsins.

Að þessu sinni gat KÍ fólk innan skólans sótt um alls 21 starfsþróunarþrep. Hluti þessara kennara nýtti þrepíð til þess að sinna starfendarannsókn og skuldbundu sig um leið til að taka þátt í starfi hópsins. Hópurinn hittist 5 sinnum á skólaárinu auk þess að taka þátt í Menntabúðum með starfshópi um innleiðingu leiðsagnarnáms. Ytri ráðgjafi hópsins var Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor emerita við Háskóla Íslands. Einn af áherslupáttum í skólastarfi á árinu var að efla teymisvinnu og fengu 4 launaþrep til þess. Á árinu var í þriðja sinn ráðinn verkefnastjóri um innleiðingu leiðsagnarnáms og undir hans handleiðslu starfaði 11 manna hópur kennara að innleiðingu leiðsagnarnáms í kennslu sinni. Einnig leiddu leiðsagnarnáms- og starfendarannsóknahóparnir saman hesta sína við nokkur tilefni og er ljóst að sterk tenging þarna á milli er æskileg til að stuðla að sem bestum árangri við innleiðingu leiðsagnarnámsins.

Menntabúðir

MS hélt tvær menntabúðir á árinu þar sem allir kennarar mættu og flestir aðrir starfsmenn. Markmið menntabúða er að skapa jafningjaumhverfi þar sem miðlun þekkingar og reynslu á sér stað og stuðla að tengslamyndun og samvinnu fólks sem er að þreifa sig áfram með nýjungar í skólastarfi. Auk þess tóku fjóru kennarar þátt í málstofu um þróunarstarf í skólanum á Menntakviku haustið 2024.





Jafnlaunakerfi MS


markmið og mælikvarðar

Samhliða því að viðhalda vottun jafnlaunakerfis á skólaárinu 2024 – 2025 hefur Menntaskólinn við Sund sett sér markmið varðandi jafnrétti, launaákvörðanir og upplýsingar um kerfið sjálft. Aðgerðir hafa verið skilgreindar sem og mælikvarðar til að meta hvort markmiðum sé náð.

Markmið og mælikvarðar

Menntaskólinn við Sund hefur markað þá stefnu að jafnrétti sé leiðarljós í starfi skólans. Unnið er að þessu markmiði með því að uppfæra reglulega og fylgja jafnréttis- og mannréttindastefnu skólans jafnframt því leita ávallt leiða til að tryggja jafnt hlutfall kynja í stjórnunarstöðum.

Einn af mælikvörðum skólans kemur úr Stofnun ársins þar sem svarendur taka afstöðu til fullyrðingarinnar „Á mínum vinnustað er lögð áhersla á jafnrétti kynjanna.“ Markmið skólans er að mælast jafnt eða hærra öðrum framhalds- og háskólum. Það markmið náðist í ár þar sem skor skólans reyndist 4,54 en meðaltal framhalds- og háskóla er 4,48 á fimm punkta kvarðanum sem Gallup notast við í Stofnun ársins.



Mynd 5: Afstaða til fullyrðingarinnar: „Á mínum vinnustað er lögð áhersla á jafnrétti kynjanna“

Árangur jafnlaunakerfis

Á árlegum rýnifundi stjórnenda Menntaskólans við Sund er tekin afstaða til þess hvort jafnlaunakerfið:

- Henti áfram
- Sé fullnægjandi
- Sé virkt

Árlegur rýnifundur fór fram í júní 2025. Niðurstaðan var sú að kerfið sé fullnægjandi og henti áfram. Áfram verður haldið að bæta kerfið jafnt og þétt í samræmi við ábendingar, athugasemdir og kvartanir en lítið er á alla þessa þætti sem tækifæri til umbóta.



Menntaskólinn við Sund hlaut jafnlaunavottun við lok skólaársins 2021-2022 og hefur viðhaldið henni síðan.

Rekstur, húsnæði og skipulag – markmið og mælikvarðar

Í Menntaskólanum við Sund er lögð áhersla á að nýta vel þá fjármuni sem skólinn hefur til umráða og halda kostnaði í lágmarki. Til að ná þessum markmiðum er góðu skipulagi haldið í mannauðsstjórnun, aðhaldi og skipulagi á innkaupum og nýtingu efnis og einnig með góðri nýtingu í námshópum (hópastærðir). Hvað aðbúnað og húsnæði varðar þá vinnur yfirstjórn skólans með Ríkiseignum (FSRE) að þróun skólans varðandi húsnæði og aðbúnað. Á skólaárinu 2024 – 2025 glímdi skólinn áfram við mikinn vanda vegna ófullnægjandi ástands þess húsnæðis sem skólinn hefur yfir að ráða.

Yfirlit yfir stöðu mælikvarða

Í *Töflu 3* hér á eftir má sjá heildar yfirlit yfir stöðu markmiða Menntaskólans við Sund gagnvart mælikvörðum um húsnæði, rekstur og skipulag.

Markmið	Aðgerð	Mælikvarði	Staða	Staða tekin
Að rekstur skólans sé í samræmi við fjárheimildir og innan 4% skekkjumarka.	Vandaðar rekstraráætlanir og gripið til aðgerða sýni áætlanir þörf fyrir hagræðingu.	Að rekstur skólans sé innan fjárheimilda á hverju rekstrarári.	Rekstrarniðurstaða ársins 2024 var -0,03%	20.06. 2025
		Að uppsafnaður rekstrarhagnaður eða rekstrarhalli sé innan við 4% fjárheimilda.	Hlutfallsleg rekstrarniðurstaða (uppsafnað) var +0,19%	20.06. 2025
Halda nýtingu í námshópum eins góðri og mögulegt er hverju sinni.	Nákvæm skipulagning hvers skólaárs með tilliti til kennsluþarfar og fjölda námshópa í hverjum áfanga.	Að meðalnýting á námshópum sé yfir 90%	HA 24 15 nem. hópar – 112% 25 nem. hópar – 107% VE 24-25 15 nem. hópar – 113% 25 nem. hópar – 103% VO 25 15 nem. hópar – 117% 25 nem. hópar – 97%	19.06. 2025

Markvisst unnið að endurnýjun tækja og búnaðar.	Jafnvægi haldið í umfangsmiklum rekstrarþáttum eins og launum og öðrum rekstri til að svigrúm gefist til endurnýjunar.	Að fjárfestingar-framlag skólans fari til endurnýjunar tækja og búnaðar.	Á árinu 2024 var 62% fjárfestingar-framlags skólans varið í endurnýjun tækja og búnaðar. Greiða þurfti niður ofnýttar fjárfestingar fyrri ára og fór 38% framlagsins í það.	20.06.25
Starfsmanna-hald sé innan rekstrar-heimilda og mannauður sé í samræmi við kröfur um menntun og hæfni.	Að jafnvægi sé haldið gagnvart mannauðsþörf skólans.	Hlutfall yfirvinnu af heildar launakostnaði skólans verði undir 10%.	Á árinu 2024 var hlutfall yfirvinnu af heildar launakostnaði skólans 15,7%.	23.06. 2025
	Að unnið sé í samræmi við verklagsreglur um frammistöðu, hæfni og þjálfun starfsmanna.	Innri úttektir sýni að unnið sé í samræmi við VKL-204 Frammistaða, hæfni og þjálfun.	Unnið er í samræmi við VKL204. Umbótatækifæri til staðar en engin frávik í innri úttekt	20.06. 2025
Að skólinn starfi eftir vottuðu jafnlaunakerfi samkvæmt jafnlauna-staðli ÍST 85:2012.	Innleiðing og rekstur jafnlaunakerfis.	Að skólinn hljóti og viðhaldi jafnlauna-vottun skv. ÍST 85:2012.	Skólinn er með vottað jafnlaunakerfi og væntir þess að vottunin verði endurnýjuð haustið 2025.	10.09. 2025

Tafla 3: Staða mælikvarða gagnvart markmiðum um rekstur, húsnæði og skipulag



Rýni stjórnenda og aðgerðir

Rýni stjórnenda fer fram í júní ár hvert. Þar er farið yfir stöðu umbóta, úrbóta og forvarna frá fyrri rýni og nýjar aðgerðir skilgreindar.

Helstu aðgerðir á skólaárinu

Hér verður stiklað á stóru yfir þau umbótamálefni sem stjórnendur sinntu á skólaárinu 2024-2025. Mun ítarlegar er fjallað um þau mál í rýni stjórnenda sem finna má á heimasíðu skólans og tilvalið er að skoða það skjal ef áhugi er á að kynna sér skólastarfið í meiri dýpt. Helstu verkefni skólaársins voru eftirfarandi:

- Haldið áfram að efla **starfsþróun** starfsfólks með áherslu á **leiðsagnarnám og starfendarannsóknir**.
- Áfram unnið að því að efla **móttöku nýnema**, áhersla á þróun verkefnisins **Krossgötur**.
- Félagsmálastjóri** vann áfram að eflingu félagslífs nemenda með áherslu á **inngildingu** og nemendalýðræði.
- Efling og þróun **starfsbrautar** með áherslu á **inngildingu** í skólastarfinu og félagslífinu.
- Efling **persónulegar þjónustu** við nemendur.
- Þróun rafrænnar **starfsmannahandbókar** haldið áfram.
- Áfram unnið að því að styrkja boðleiðir innan skólans og efla starfsfólkið til **virkar þátttöku** í þróun stofnunarinnar.

Mat á ytri þáttum / áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starfsemi skólans

Til að taka til þá fjölmörgu þætti sem hér falla undir með sem skýrustum hætti unnu stjórnendur SVÓT greiningu þar sem horft var á sterkar hliðar, veikar hliðar, ógnanir og tækifæri sem felast í umhverfi skólans. Hér fyrir neðan má sjá heildarniðurstöður:

Sterkar hliðar	Veikar hliðar	Ógnir	Tækifæri
Starfsþróun og starfendarrannsóknir	Aðstaða fyrir starfsfólk og nemendur	Óvissa í húsnaðismálum	Nýjar stofur og húsbúnaður
Fagmennska starfsfólks	Loftgæði	Spekileki vegna húsnaðismála	Virðismatsvegferðin í kjarasamningi KÍ
Sveigjanleiki í námi og námstíma	Raunmæting nemenda	Símanotkun og samfélagsmiðlar	Nýliðun í starfsliði
Lágt brotthvarf	Langvarandi veikindi nemenda og starfsfólks	Niðurskurður á framhaldsskólastigi	Miðstöð menntunar og skólaþjónustu + ný löggjöf
Sterk starfsbraut	Helgun nemenda gagnvart námi	Uppsöfnuð þreyta í starfsfólki eftir húsnaðisáskoranir síðustu ára	Árangur í mannauðsmálum
Virtt jafnlaunakerfi	Kynjagslagsíða í starfsfólksþópnum	Ávanabindandi efni og spilaþíkn nemenda	Samskipti og fagmennska innan starfsmannahópsins
Grænfánaverkefni	Neikvæð upplifun nemenda af leiðsagnarmati	Misbeiting gervigreindar	Efning upplýsingatækni/gervigreindar í samstarfi við aðra skóla + Sprotasjóður/SEF
Samstarf við aðra skóla í þróunarstarfi	Samskiptavandi nemenda + klíkuvæðing	Samfélagsleg viðhorf gagnvart námi	Endurnýjun námskrár
Erlend samstarfsverkefni	Umgengni og viðhorf gagnvart umhverfi sínu		Inngilding nemenda
Sterk skuldbinding og stolt	Inngilding nemenda		Opin skoðanaskipti við starfsfólk um skipulag skóla-starfs
Krossgötur	Ávanabindandi efni og spilaþíkn nemenda		
Sundkútar (félagslíf starfsmanna)	Símanotkun og samfélagsmiðlar		
Velliðan nemenda			
Félagslíf nemenda			
Starfsánægja			
Gróskuhugarfar			
Gæði umsókna fyrir styrki sem styðja við skólastarf			

Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

Eins og sjá má hér að framan voru mörg atriði sem sett voru á aðgerðarlista stjórnenda fyrir skólaárið 2024-2025 og flestum þeirra er lokið að fullu. Önnur munu teygja sig fram á næsta skólaár og enn önnur eru langtímaverkefni sem verða líklega alltaf á aðgerðalista.



Niðurlag

Í Menntaskólanum við Sund fer fram framsækið og faglegt skólastarf með áherslu á vellíðan nemenda og árangur í námi og félagslífi.

Hluti af faglegri sýn skólans er öflugt mat á skólastarfi sem miðar að því að leita stöðugt tækifæra til að gera betur. Rekstrarhandbók skólans hefur fest rætur og næsta stóra skref er að koma henni í birtanlegt form og setja á heimasíðu skólans á stafrænu formi.

Í skólanum er virkt jafnlaunakerfi en seinni úttekt ytri vottunaraðila á því kerfi er lokið og er þess beðið að Jafnlaunastofa endurnýji jafnlaunavottun MS. Mun þessi vinna halda áfram á yfirstandandi skólaári með stöðugar umbætur að leiðarljósi.